

hana hugsað og lengur notað, hefir mér þótt vænna um hana.

„Eg vona, að eg fái að tala íslenzku hinum megin.

„Ekki segi eg þetta, af því eg sé að reka þig til Ameríku. Öðru nær. Enginn þarf að hugsa, að hann slíti af sér Íslendings-ólánið með því. Illviðrin fylgja manni“.

Sigurði varð orðfall. Hann hafði oft orðið var við þunglyndi föður síns og það hafði verið honum til angurs. En svona mikið bölsýni blöskraði honum. Hann iðraðist þess að hafa haft á móti honum. Ef til vill hafði hann orðið honum einhverra vonbrigða valdandi. Farið sínu fram og ekki fylgt ráðum hans. Sært hann í orði eða verki. Það er slæmt að særa gamlan mann. Það yfir upp fornan sársauka. Gamli harmar rísa þá upp eins og holskeflur og brotna yfir hann.

Þeir voru komnir heim að vallargarði. En nokkur bratti var upp túnið. Geðshræringin, sem gamla mannum var í hug, kom honum til að ota hesti sínum lítið eitt, svo hann fór liðugt.

En í djúpum götuskorningi hnaut hesturinn aftur í myrkrinu. Jón féll af baki og rak upp hátt hljóð.

Hann hafði fótbrotnað.

Jón lá lengi í fótbrotinu. Þegar á leið, fór hann að kenna stings fyrir brjósti, svo hann þoldi ekki með neinu móti að draga djúpt andann. Hann kendi það gömlu meiðsli. Það ágerðist meir og meir, eftir því sem honum batnaði í fæti.

Það varð breyting á honum, öllum auðsæ, er hann þektu, eftir að hann lagðist rúmfastur.

Það birti yfir honum. Hann var ávalt með glöðu bragði. Það var eins og hann hefði varpað öllum ábyggjum frá sér. Fálæti hans og þung-